

Barnabókahátíð Bókabæjanna austanfjalls

Dagskrá barnabókahátíðarinnar


Föstudagur 18. september

Sigrún Eldjárn, rithöfundur les upp úr bókum sínum á bókasöfnum bókabæjanna:

Kl. 14:00 á Bókasafninu í Hveragerði.

Kl. 15:00 á Bæjarbókasafni Ölfuss í Þorlákshöfn.

Kl. 16:00 á Bókasafni Árborgar Selfossi.



BÓKABÆIRNIR
AUSTANFJALLS

Laugardagur 19. september

Kl. 13:00 Mæting við Bókasafn Árborgar Selfossi við Austurveg 2.
Bókabæjablöðrur fyrir börnin.

Kl. 13:20 Skrúðganga frá bókasafninu að Fjölbrautaskóla Suðurlands með Fossbúa í fararbroddi.

Kl. 13:50–15:30 Hátíðardagskrá í sal Fjölbrautaskóla Suðurlands
*Nokkrar stöðvar opnar fyrir skapandi hátíðargesti. Þær bera yfirskriftina:
Bók verður til, Listaverk úr bókum sem enginn vill eiga og
Lestrarhestahornið.*

Kl. 14:00 Leikfélag Selfoss sýnir leikþáttinn Gilitrutt.

Kl. 14:20 Margrét Eir syngur og leikur fyrir káta krakka.

Kl. 15:00 Lalli töframaður verður með töfrabrogð og blöðrublastur.

Kl. 15:30 Hátíðarlok.

Á barnabókahátíðinni verður börnum boðið að taka virkan þátt í að skapa góðar minningar um bækur og lestur góðra bóka

Bók verður til

Barnabókahátíðarbókin verður sköpuð af hátíðargestum sem fá tækifæri til að fylla hana af myndasögum, sögum, ljóðum og hverju sem þeim dettur í hug að setja í hana. Bókin verður svo bundin og merkt og höfð til sýnis á bókasöfnum Bókabæjanna austanfjalls.

Listaverk úr bókum sem enginn vill eiga

Boðið verður upp á námskeið í pappírsmáli og ýmiskonar föndri. Bókum sem enginn vill eiga verður fundið annað hlutverk í formi listaverka sem hátíðargestir búa til og taka með sér til minningar.

Lestrarhestahornið

Hátíðargestir mæta í myndatöku og deila með okkur sögu af góðri barnabók. Viðtölin birtast svo á heimasíðu Bókabæjanna austanfjalls bokabaeir.is.

